

2. ágúst 2021

Kæru skátar

Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótswatni hefur tekið saman nýja verðskrá og nýtt bókunarkerfi fyrir skátafélög. Hægt er að bóka aðstöðuna á Úlfjótswatni fyrir ákveðinn fjölda, a.m.k. 15 manns, eða leigja skálana í heild sinni.

Útilífsmiðstöðin er í eign Bandalags íslenskra skáta og er staðurinn því sameign allra skáta á landinu. Til þess að koma til móts við skátafélögin ætlum við að auka þjónustuframboðið okkar og aðlaga verðskrána okkar þannig að hún henti skátafélögum betur.

Svefnskálarnir okkar henta vel fyrir skátafélög, stór sem smá. Miðstöðin býður upp á 64 svefnpláss auk þess að hægt er að koma dýnum fyrir aukalega ef þess er þörf. Einnig hægt að leigja Strýtuna sem hentar vel fyrir kvöldvökur, dagskrá og önnur verkefni. Á Úlfjótswatni er frábær aðstaða til útivistar og hvetjum við hópa til þess að nýta umhverfið og náttúruna í kring.

Hér að neðan er hægt að sjá verðskrána og hvað er innifalið í verðinu. Verðlisti þessi gildir til 31. desember 2021. Ef bókað er fyrir þann tíma þá mun verðið standa þrátt fyrir að bókunin sé t.d. haustið 2022.

Verð fyrir klifur og bogfimi miðast við að einhver í hópnum sé með viðeigandi þjálfun. Hægt er að panta þjálfun fyrirfram (frítt) fyrir a.m.k. 2 manns eða borga aukalega 15.000 kr fyrir hvern dagskrárlið með starfsmanni Úlfjótswatns.

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband í gegnum tölvupóst á ulfjotsvatn@skatar.is.

Við hlökkum til að taka á móti þér og þínu félagi!

Verðskrá

Skáli	Upplýsingar	Helgi	Dagur	Verð á nótt á mann
JB og Norðursalur	30 svefnpláss, salur, matsalur og eldhús.	105.000 kr	63.000 kr	1.764 kr
JB, DSÚ og Norðursalur	64 svefnpláss, salur, matsalur og eldhús.	225.000 kr	138.000 kr	1.764 kr
Strýtan	Kalt rými sem rúmar 250 manns í sæti eða 150 manns við borð.	30.000 kr	15.000 kr	
Kynding í Strýtu	Gashitari.	8.500 kr (verð pr. gaskút)		
Klifur	Hægt er að leigja klifurturn með búnaði að því gefnu að í hópnum sé aðili sem hefur lokið dagskrárþjálfun ÚSÚ.	15.000 kr		
Bogfimi	Hægt er að leigja bogfimibúnað að því gefnu að í hópnum sé aðili sem hefur lokið dagskrárþjálfun ÚSÚ.	15.000 kr		
Þrifagjald	Ef skálarnir eru ekki þrifnir leggst þrifagjald á hvern skála.	20.000 kr		

Allar kojur og herbergi eru afhent með hreinum lökum. Öll verð miðast við að skálunum sé skilað hreinum. Sé þess óskað er hægt að panta þrif á skálunum. Þrifagjald er innheimt sé frágangi ábótavant.